enzkrar

sýning á Kjarvalsstöðum
nd Einarsson frá Miðdal

yfir mynd hans umálftirnar við hreiður sitt.

Hrikaleg og sterk er mynd hans frá Grímsvatnagosinu, og logandi rennur hraunið fram á Heklugoss-mynd hans. Börnin sjá tröllslegar kynjamyndir með dulúðgu ívafi í myndinni Margt býr í þokunni. Sveitalífsmyndir Guðmundar eru minnisstæðar og hrífandi, kindurnar við beitarhúsin, smaladrengurinn í Laxárdal og hlóðamyndin frá 1957.

Hugstæðar eru vatnslitamyndir tvær, sem Guðmundur gerði á sínum tíma fyrir kvikmynda - töku Osvalds Knudsen, er Osvald vann að mynd sinni um Höllu og Eyvind. Þessar myndir fjalla um eftirreiðina, — sú fyrri er leiðangurinn leggur upp, og hin síðari er Eyvindur og Halla bjargast á Arnarfell. Myndirnar voru fleiri, og munu varðveittar.


Það liggur mikið verk í því að setja upp sýningu eins og þessa, sem er fyrst og fremst minningarsýning. Verkin á henni eru alls 133 talsins, en um fjölda verka Guðmundar er erfitt að segja, jafn mikilvirkur og hann var, og skal því ekki reynt að slá á þau tölu. Hinsvegar mun hann hafa látið þau orð falla, að myndir hans væru orðnar um 600 talsins árið 1940.

Ekkja hans og synir hafa unnið að uppsetningu sýningarinnar. Þau eiga þakkir skildar fyrir vel unnið verk — að veita hinum almenna áhorfanda innsýn í þann fagra heim listaverka, sem Guðmundur frá Miðdal skóp á ferli sínum.

Baldur Hólmgeirsson.




Vatnslitamynd í sambandi við kvikmyndagerð. Lagt upp í eftirför.



Hákarlaveiðar, stórbrotið og áhrifamikið olíuverk.





Smaladrengurinn.

Viðskiptaráðuneytið,
17. mars 1975.

Auglýsing frá viðskiptaráðuneytinu um gjaldeyrismeðferð o. fl.

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið vekja athygli á eftirfarandi reglum um gjaldeyrismeðferð, sem byggjast á lögum nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o.fl., reglugerðum og auglýsingum settum samkvæmt þeim lögum.

1. Gjaldeyrisskil
Samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1960, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 79/1960, eru hvers konar gjaldeyristekjur svo og andvirði gjaldeyriseignar skilaskyld til innlends gjaldeyrisbanka (Landsbanka eða Útvegsbanka) innan 20 daga frá því að gjaldeyririnn er kominn eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Óheimilt er að verja gjaldeyri til annars en ákveðið var við kaup hans, nema að fenginni heimild Gjaldeyrisdeildar bankanna, Laugavegi 77, Reykjavík.

Erlendum umboðslaunum skal skilað til gjaldeyrisbanka eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Innflytjendum er þó heimilt að ráðstafa slíkum umboðslaunum til kaupa og innflutnings á frílistavörum, enda sé það gert án óeðlilegs dráttar og gjaldeyriseftirliti Seðlabankans sé gerð grein fyrir slíkri ráðstöfun. Önnur ráðstöfun umboðslauna er óheimil. Innflytjendum ber að skila skýrslum um erlend umboðslaun reglulega til gjaldeyriseftirlitsins.

2. Fjárfestingar erlendis
Aðilum búsettum hér á landi er óheimilt að kaupa fasteignir erlendis eða erlend verðbréf nema að fenginni heimild Gjaldeyrisdeildar bankanna. Aðili búsettur hér á landi, sem nú á fasteign erlendis eða erlend verðbréf, skal tilkynna það skriflega gjaldeyriseftirliti Seðlabankans, til skráningar, ekki síðar en 1. ágúst n.k.

3. Erlendar lántökur
Samkvæmt 7. gr. laga nr. 30/1960 og auglýsingu ráðuneytisins frá 3. febrúar 1972 er óheimilt að stofna til hvers konar lána, greiðslufrests eða skuldbindinga erlendis nema að fenginni heimild gjaldeyrisyfirvalda. Umsóknir um lántökur eða greiðslufrest erlendis til lengri tíma en 12 mánaða ber að senda viðskiptaráðuneytinu, en umsóknir um lántökur eða greiðslufrest erlendis til 12 mánaða eða skemmri tíma ber að senda til Gjaldeyrisdeildar bankanna.

4. Erlendir innstæðureikningar
Samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1960 er óheimilt að eiga banka- eða innstæðureikning erlendis nema að fenginni heimild gjaldeyriseftirlits Seðlabankans.

5. Inn- og útflutningur seðla- og skiptimyntar og skuldaskjala
Samkvæmt 5. gr. laga nr. 30/1960, 22. gr. reglugerðar nr. 79/1960, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 123/1962 og 1. gr. reglugerðar nr. 133/1967, er bannað að flytja úr landi eða til Íslands íslenska peningaseðla, skiptimynt og ennfremur íslensk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldmiðli. Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá banninu.
Þó er ferðamönnum heimilt að flytja inn og út úr landinu íslenska peninga allt að fimmtán hundruð krónur. Óheimilt er að flytja úr landi stærri íslenska seðla en eitt hundrað krónur.

LAUNÞEGASPJALL

Kristinn Snæland:

Staðgreiðsla skatta o. fl.

Um þessar mundir standa yfir viðræður aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör, ríkisstjórnin blandast þar mjög inn í og heyrast hinar margvíslegustu tillögur um lausn yfirstandandi kjaradeilna.

Í samræmi við heiti þessa spjalls mun ég einkum fjalla um opinber gjöld og innheimtu þeirra. Þeim mögu nefndum sem ríkisstjórnin hefur falið að fjalla um staðgreiðslu skatta vil ég hjálpa nokkuð, ef það má þá verða til þess að brjóta niður nýlega niðurstöðu fjármálaráðuneytisins. Í tíð viðreisnarstjórnar og í framhaldi af henni í tíð síðustu stjórnar lét fjármálaráðuneytið framkvæma könnun á því hvort henta myndi að koma á staðgreiðslu skatta á Íslandi. Embættismennirnir skiluðu skýrslu um málið og sú skýrsla var nægjanleg til að kæfa málið unz núverandi stjórnarsamstarf hófst, en Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi lagt áherzlu á að tekin verði upp staðgreiðsla skatta. Sú óheillaskýrsla sem embættismenn fjármálaráðuneytisins sömdu og hefur enn komið í veg fyrir að staðgreiðsla væri tekin upp hér, leiddi eftirfarandi í ljós:

1. Danir hafa tekið upp staðgreiðslu og hún hefur gersamlega misheppnazt.

2. Danskir embættismenn réðu íslenzkum starfsbræðrum eindregið frá því að taka upp staðgreiðslukerfi.

3. Ályktun íslenzku embættismannanna var auk þess sú, að í landi þar sem tekjusveiflur eru miklar væri staðgreiðslukerfi mjög óheppilegt.

Rétt er að svara fyrst 3. lið, en í skýrslu efnahagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna OECD segir svo varðandi Íslendinga (ekki orðrétt): áríðandi er að tekið sé upp staðgreiðslukerfi skatta á Íslandi, enda afar þýðingarmikið vegna þess hve tekjusveiflur eru miklar. Þetta er álit Sameinuðu þjóðanna.

Varðandi lið 1 og 2 er því til að svara að árið 1971 tóku Danir upp staðgreiðslukerfi. Þetta kerfi misheppnaðist algerlega í fyrstu hjá Dönum vegna frádráttarkvóta, sem þeim tókst að misnota. Um þær mundir voru einmitt okkar íslenzku embættismenn að kanna staðgreiðslumálin og komust ekki lengra en til Danmörku.

Af þessum ástæðum var eðlilegt að Danir réðu okkur frá því að taka upp staðgreiðslu. Vegna minnimáttarkenndar þeirra gagnvart Svíum höfðu þeir ekki tekið upp hið sænska staðgreiðslukerfi en það höfðu Svíar notað í rúm 10 ár með mjög góðum árangri.

Óskiljanlegt er hins vegar með öllu hvers vegna okkar embættismenn kynntu sér ekki sænska kerfið.

Líklegt má telja að skynsamlegasta niðurstaða nefndanna mörgu, sem eiga að láta í ljós álit um staðgreiðslu skatta væri sú, að við tækjum upp hið sænska kerfi að mestu óbreytt.

Það yrði þó mörgum Íslendingum þung raun að taka upp sænskt kerfi óbreytt. Vonandi tekst þeim þó að kyngja þeim beiska bita.

Þó svo að þetta komi fram í sambandi við núverandi kjaradeilu má ljóst vera, að launþegar eiga ekki að þurfa að kaupa sér réttlátara greiðslukerfi með því að slaka eitthvað á réttmætum kröfum sínum.

Sýndarmennskan verður víða uppi en fá dæmi hafa verið um jafn augljósa sýndarmennsku og eitt atriði í tilboði ríkisstjórnar vegna kjaradeilnanna. Þetta tilboð ríkisstjórnarinnar orðist svo:

„Þá mun ríkisstjórnin hlutast til um að innheimta opinbera gjalda 1975 fari fram á lengri tíma en ella hvað áhrærir þá launþega, sem á þessu ári hafa sömu peningatekjur og í fyrra eða lægri".

Hverjum manni hlýtur að vera ljóst að þetta er óframkvæmanlegt, en væri það hægt er það samt óviturlegt og enginn myndi í alvöru reyna að framkvæma það. Talað er um að miða innheimtuna við „sömu peningatekjur og í fyrra eða lægri". Fyrir hvaða tímabil? Allt árið? Á þá ekki að innheimta nein opinber gjöld ársins 1975? Á að greiða gjöld ársins 1975 jafnframt gjöldum ársins 1976?

Þetta tilboð er ríkisstjórninni til vansæmdar og vonandi að launþegar gleymi því sem fyrst.

Staðgreiðsla opinberra gjalda leysir allan vanda launþega vegna tekjusveiflna og því ætti ríkisstjórnin að hraða því máli sérstaklega.